

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Alheimsauði.

1. gr.
Heiti.

Félagið er sjálfseignarstofnun sem starfar skv. lögum nr. 19/1988 og er nafn þess *Alheimsauður*. Sjálfseignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.
Heimilisfang.

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er að starfsstöð Auðar Capital, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

3. gr.
Markmið.

Markmið stofnunarinnar er að vera góðgerðasjóður með það að meginstefnu að hvetja konur til athafna og frumkvæðis og verður til framtíðar sérstaklega horft til þess að ljá konum í þróunar-löndum eða á svæðum sem búa við tímabundna erfiðleika styrk til atvinnusköpunar og samfélags-uppbryggingar.

4. gr.
Ráðstöfun fjár.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar veitir styrki sem úthlutað verður 19. júní ár hvert eða oftar. Stjórnin mun auglýsa eftir umsóknum en einnig áskilja sér rétt til að styrkja verkefni án umsóknar.

5. gr.
Stofnandi.

Stofnandi sjálfseignarstofnunarinnar er Auður Capital hf., kt. 640507-0390, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

6. gr.
Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 10.000.000 (tíu milljónir króna), sem stofnandi leggur fram. Um er að ræða hluta af hagnaði Auður Capital rekstrarárið 2008 í samræmi við ákvörðun stjórnar félagsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

7. gr.
Frekari framlög.

Sjóðurinn getur tekið á móti frekari fjárfamlögum, hvort sem er frá stofnanda eða öðrum er vilja veita markmiðum hans brautargengi. Til dæmis hefur Auður Capital boðið viðskiptavinum sínum að gefa 1% af árlegum hagnaði sínum af eignasöfnum í eignastýringu hjá félaginu til Alheimsauðar.

8. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 3 ára í senn. Stofnandi tilnefnir stjórnarmenn við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar. Eftirleiðis mun forstjóri Auður Capital tilnefna stjórnarmenn í lok þriggja ára skipunartímans eða fyrr ef einhver þeirra óskar eftir að láta af stjórnarstörfum innan þriggja ára frá skipun.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

9. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

10. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra ef hún telur það nauðsynlegt. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

11. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

12. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

13. gr.

Fjárvarsla og ávöxtun fjárár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Gert er ráð fyrir að fjármunir sjóðsins verði í ávöxtun hjá Auði Capital en fjárfestingarstefna sjóðsins hverju sinni verður borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

14. gr.

Breyting skipulagskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki meirihluta stjórnar. Leitast skal við að fá samþykki stofnanda. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan.

15. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Nr. 585

15. júní 2009

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 15. júní 2009.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2009